

Viðhorfakönnun meðal foreldra leikskólabarna hjá Leikskólum Reykjavíkur árið 2004

Niðurstöður

**Unnið af Vef samskiptalausnum ehf. í samstarfi við leikskóladeild
Leikskóla Reykjavíkur**

Samantekt á niðurstöðum

Inngangur

Leikskólar Reykjavíkur leitast stöðugt við að efla og bæta faglegt starf leikskólanna. Einn mikilvægasti þáttur í þeirri vinnu felst í góðu samstarfi við foreldra. Til að efla það samstarf eru viðhorf foreldra til leikskólans þar sem barn þeirra dvelur könnuð reglulega. Upplýsingar sem þar koma fram eru nýttar við innra mat leikskólans og eru auk þess liður í ytra mati á starfsemi Leikskóla Reykjavíkur.

Framkvæmd

Könnunin stóð yfir frá 25 maí – 1. júní 2004 og fór úrvinnsla gagna í fyrsta skipti fram á veraldarvefnum (internetinu). Um verkið sá Vefur samskiptalausnir ehf. í samvinnu við starfsmenn leikskóladeildar hjá Leikskólum Reykjavíkur. Þeir foreldrar sem ekki hafa aðgang að veraldarvefnum (internetinu) gátu svarað spurningalistanum í tölvu viðkomandi leikskóla.

Í úrtaki könnunarinnar voru foreldrar 3366 barna í 42 leikskólum úr öllum hverfum borgarinnar. Svör bárust frá 1306 foreldrum eða tæplega 40%. Hæsta svarhlutfall foreldra í einstaka leikskóla var 61.19% en það lægsta 22.64%.

Helstu niðurstöður

Heildarniðurstöður könnunarinnar eru afar jákvæðar fyrir leikskólana en hafa verður í huga að um meðaltal er að ræða. Flestir leikskólanna standa mjög vel að vígi en aðrir þurfa að bæta ráð sitt, en til þess er líka leikurinn gerður.

Hver svarar könnuninni

Þegar litið er á bakgrunnsupplýsingar í könnuninni má sjá að í tæplega 76% tilfella eru það mæður barnanna sem svara spurningalistanum, um 16% foreldra svara honum sameiginlega en einungis 8% feðra.

Barnið í leikskólanum

Tilfinning foreldra fyrir veru barns þeirra í leikskólanum er mjög jákvæð en 98% foreldra telja að barn þeirra sé mjög eða frekar ánægt í leikskólanum og 99% að barninu líði þar mjög eða frekar vel. 95% foreldra eru mjög eða frekar ánægðir með hvernig tekið er á móti barni þeirra þegar það kemur í leikskólann og 94% eru ánægðir eða frekar ánægðir með það hvernig þau eru kvödd.

Uppeldis- og menntastefna leikskólanna

Þegar spurt er um hvort leikskólinn hafi gefið út námskrá eru 52% foreldra sem svara því játandi en 11% neitandi. Athyglisvert er að 36% foreldra segist ekki vita hvort leikskólinn hafi gefið út námskrá. Annað sem vert er að athuga, hverju sem um er að kenna, að einungis 56% foreldra telja sig þekkja ársáætlun leikskólans.

En góðu fréttirnar eru að 98% þeirra foreldrar sem þekkja námskrá leikskólans eru mjög eða frekar ánægðir með þá uppeldis- og menntastefnu sem þar kemur fram. Og samkvæmt niðurstöðum telja 95%

þeirra foreldra sem þekkja ársáætlun leikskólans hana gefa mjög eða frekar góðar upplýsingar um starfsemi leikskólans.

Það kemur einnig fram í niðurstöðum að 90% foreldra telja æskilegt að fram fari athugun/skráning á námi og þroska barns þeirra í leikskólanum.

Foreldrasamstarf og samskipti

Þegar viðhorf foreldra til foreldrasamstarfs eru skoðuð kemur fram að um 91% foreldra eru mjög eða frekar ánægðir með samstarfið við leikskólann og 95% þeirra mjög eða frekar ánægðir með dagleg samskipti við starfsmenn deilda. Einnig eru 93% foreldra mjög eða frekar ánægðir með samskipti sín við leikskólastjórnann.

Foreldrar eru ánægðir með foreldraviðtölin sem í boði eru eða 93% segjast mjög eða frekar ánægðir með þau og telja um 74% foreldra æskilegt að boðið sé upp á tvö foreldraviðtöl á ári. Almennt eru foreldrar ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskólanum sem snertir barn þeirra eða 87% þeirra eru mjög eða frekar ánægðir með þann þátt. Varðandi spurninguna um hvernig foreldrar fá upplýsingar um daglegt starf í leikskólanum eru fjórir þættir sem skora hæst. En það eru dagleg samskipti 89%, foreldraviðtöl 89%, upplýsingatafla 88% og fréttabréf leikskólans 87%.

En veikleikinn fellst í kynningu nýrra starfsmanna þar sem aðeins 63% foreldra eru mjög eða frekar ánægðir með kynningu á nýju starfsfólki í leikskólanum. En þess má geta að miðað við niðurstöður fyrri viðhorfakannana þá er þessi liður að styrkjast hjá leikskólunum.

Sérkennsla í leikskólum

Í könnuninni voru foreldrar sem eiga börn með sérstakar þarfir spurðir um þá þjónustu sem Ráðgjafar- og sálfræðideild Leikskóla Reykjavíkur og leikskólarnir bjóða upp á. Ánægjulegt er að sjá að 97% foreldra telur að leikskólinn mæti sérstökum þörfum barnsins mjög eða frekar vel og rúmlega 88% foreldra telja að mjög eða frekar vel sé staðið að sérkennsluráðgjöf frá Ráðgjafar- og sérkennsludeild Leikskóla Reykjavíkur.

Aðrir þættir sem spurt var um

Þegar spurt er um fæði barnsins í leikskólanum segjast 92% foreldra vera mjög eða frekar ánægðir með það.

Viðhorf foreldra til þess hvort senda eigi upplýsingar um nám og þroska barnsins frá leikskóla til grunnskóla var kannað og telur um 76% foreldra það æskilegt, 13 % telja sig ekki vita það en um 10% telur það óæskilegt.

Undanfarinn ár hafa foreldrar fengið „Möppuna mína“ afhenta þegar barnið byrjar í leikskóla. Í könnuninni voru foreldrar m.a. spurðir um gagnsemi hennar. Í ljós kemur að um 67% foreldra telja hana mjög eða frekar gagnlega en 33% lítið eða ekkert gagnlega.

Skrifleg svör frá foreldrum

Í lok könnunar gafst foreldrum kostur á að koma á framfæri því sem þeir eru sérstaklega ánægðir með í leikskólanum og síðan því sem betur mætti fara.

Þegar spurt er: „**Er eitthvað sem þú ert sérstaklega ánægð/ánægður með í leikskólanum? Hvað?**“, lýsa foreldrar almennt yfir ánægju sinni með starfsfólk leikskólanna og fær það hrós fyrir hlýlegt viðmót og góð samskipti. Þeir eru almennt meðvitaðir um uppeldis- og

menntastarf leikskólanna og benda á þætti í starfi leikskólans sem þeir eru sérstaklega ánægðir með. Þar má nefna t.d. ákveðnar uppeldisstefnur, þróunarverkefni og margir foreldrar segjast ánægðir með þá miklu fjölbreytni sem einkenni starfið. „Frábær leikskóli“, „frábært starfsfólk“ er oft skrifað. Leikskólastjórar fá einnig mikið hrós frá foreldrum.

Nokkrir taka fram hversu þýðingarmikið er að mannabreytingar á deildum séu í lágmarki og nefna það sérstaklega þegar svo hefur verið. Einnig lýsa nokkrir yfir ánægju sinni með það að karlmenn vinni á deild barnsins. Margir nefna að maturinn sé góður.

Foreldrar svöruðu einnig skriflega spurningunni: **„Er eitthvað sem þér finnst að betur mætti fara í leikskólanum? Hvað?“** Í svörum við henni þarf að hafa í huga að gagnrýni á einstaka leikskóla er mismikil.

En það sem er mest áberandi og á við um alla leikskólana er óánægja foreldra með tíðar mannabreytingar. Einnig kemur víða fram að kynning á nýjum starfsmönnum er mjög ábótavant.

Margir foreldrar benda á þýðingu þess að hafa gott upplýsingaflæði á milli foreldra og leikskólans og sakna þess að fá ekki að heyra í lok dags hvað barnið hefur verið að gera yfir daginn. Oftast nefna foreldrar upplýsingaskort í lok dags og gera þá athugasemdir um það að vinnutími deildar- eða hópstjóra sé lokið þegar þeir sækja barn sitt. Greinilegt er að foreldrar vilja fá meiri upplýsingar um umönnun barnsins og líðan yfir daginn. Fram koma ábendingar um hvað betur megi fara t.d. þegar komið er með börnin í leikskólann og þau sótt. Foreldrar gagnrýna ekki beint námskrár leikskólanna en benda á í sumum tilfellum að meiri fjölbreytni þurfi að einkenna starfið. En greina má að foreldrar binda vonir við það að tölvusamskipti geti stuðlað að betri upplýsingagjöf og koma fram óskir frá foreldrum um það.

Nokkrir foreldrar gera athugasemdir við matinn og telja að börnin fái ekki nægilega mikið af grænmeti og ávöxtum og vilja unnar kjötvörur

út af matseðlinum, einnig virðast súpur og grautar sem aðalréttur fara fyrir brjóstið á foreldrum.


Foreldrar virðast fylgjast vel með viðhaldi leikskólanna og í nokkrum tilfellum koma ábendingar um vanhirta garða, þröng fataherbergi og að vanti málningarvinnu, aukahús á lóð fá nokkrar athugasemdir. Einnig koma fram áhyggjur foreldra af því hvort öryggisþáttum sé fullnægt í görðum, sérstaklega þeim sem liggja hringinn í kringum leikskólana.

Aðrar athugasemdir snúa t.d. að útiveru barnanna þar sem foreldrar telja hana ýmist og of litla eða of mikla og sumarleyfislokanir þar sem bent er einnig á að fyrirkomulag sumarleyfa hjá L.R. þurfi að liggja fyrir í janúar ár hvert.

Ingveldur H. Björnsdóttir,
leikskólaráðgjafi, tók saman.


Hversu stór er leikskólinn?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
tvær deildir	38	2.89%	+/-0.91%
þrjár til fjórar deildir	1043	79.32%	+/-2.19%
5 deildir eða meira	234	17.79%	+/-2.07%
Alls	1315	100%	




Hversu lengi hefur barnið verið í þessum leikskóla?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Hálft ár eða minna	69	5.23%	+/-1.20%
Hálft til eitt ár	331	25.09%	+/-2.34%
Eitt til tvö ár	468	35.48%	+/-2.58%
Meira en tvö ár	451	34.19%	+/-2.56%
Alls	1319	100%	




Hversu gamalt er barnið?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
2 ára eða yngra	215	16.29%	+/-1.99%
3 - 4 ára	663	50.23%	+/-2.70%
5 ára eða eldra	442	33.48%	+/-2.55%
Alls	1320	100%	




Er barnið fyrsta barn foreldranna?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
já	628	47.72%	+/-2.70%
nei	688	52.28%	+/-2.70%
Alls	1316	100%	




Hver svarar könnuninni?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Móðir	1000	75.82 %	+/- 2.31 %
Faðir	107	8.11 %	+/- 1.47 %
Foreldrar sameiginlega	212	16.07 %	+/- 1.98 %
Alls	1319	100 %	




Telur þú að barnið þitt sé ánægt í leikskólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög ánægt	919	69.67 %	+/- 2.48 %
Frekar ánægt	376	28.51 %	+/- 2.44 %
Frekar óánægt	19	1.44 %	+/- 0.64 %
Mjög óánægt	5	0.38 %	+/- 0.33 %
Alls	1319	100 %	




Telur þú að barninu þínu líði vel í leikskólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög vel	954	72.22%	+/-2.42%
Frekar vel	357	27.02%	+/-2.39%
Frekar illa	9	0.68%	+/-0.44%
Mjög illa	1	0.08%	+/-0.15%
Alls	1321	100%	




Hversu ánægð(ur) / óánægð(ur) ert þú með upplýsingarnar sem þú fékkst um leikskólann í upphafi leikskólavistar barnsins?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög ánægð(ur)	754	57.21%	+/-2.67%
Frekar ánægð(ur)	507	38.47%	+/-2.63%
Frekar óánægð(ur)	49	3.72%	+/-1.02%
Mjög óánægð(ur)	8	0.61%	+/-0.42%
Alls	1318	100%	




Hversu ánægð(ur)/óánægð(ur) ertu með hvernig tekið er á móti barninu þínu þegar það kemur í leikskólann?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög ánægð(ur)	861	65.33%	+/-2.57%
Frekar ánægð(ur)	395	29.97%	+/-2.47%
Frekar óánægð(ur)	59	4.48%	+/-1.12%
Mjög óánægð(ur)	3	0.23%	+/-0.26%
Alls	1318	100%	




Hversu ánægð(ur)/óánægð(ur) ertu með hvernig barnið þitt er kvatt í leikskólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög ánægð(ur)	763	57.98%	+/-2.67%
Frekar ánægð(ur)	483	36.70%	+/-2.60%
Frekar óánægð(ur)	64	4.86%	+/-1.16%
Mjög óánægð(ur)	6	0.46%	+/-0.36%
Alls	1316	100%	




Hversu ánægð(ur) / óánægð(ur) ertu með fæði barnsins í leikskólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög ánægð(ur)	712	54.31%	+/-2.70%
Frekar ánægð(ur)	502	38.29%	+/-2.63%
Frekar óánægð(ur)	84	6.41%	+/-1.33%
Mjög óánægð(ur)	13	0.99%	+/-0.54%
Alls	1311	100%	




Telur þú að leikskólinn komi til móts við þarfir barnsins þíns?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög vel	712	54.06%	+/-2.69%
Frekar vel	557	42.29%	+/-2.67%
Ekki vel	47	3.57%	+/-1.00%
Mjög illa	1	0.08%	+/-0.15%
Alls	1317	100%	




Telur þú að barnið þitt fái viðeigandi þjónustu ef það lendir í erfiðleikum í leikskólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Já	941	71.50%	+/-2.44%
Nei	49	3.72%	+/-1.02%
Veit ekki	326	24.77%	+/-2.33%
Alls	1316	100%	




Hvert er viðhorf þitt til viðfangsefna leikskólans ? Eru viðfangsefnin

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög áhugaverð	647	49.24%	+/-2.70%
Frekar áhugaverð	601	45.74%	+/-2.69%
Lítið áhugaverð	59	4.49%	+/-1.12%
EKKI áhugaverð	7	0.53%	+/-0.39%
Alls	1314	100%	




Getur þú rætt við starfsfólk leikskólans um hvernig þið vinnið saman að uppeldi barnsins þíns?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Já	1138	86.28%	+/-1.86%
Nei	56	4.25%	+/-1.09%
Veit ekki	125	9.48%	+/-1.58%
Alls	1319	100%	




Hefur eftirfarandi þjónusta hjá Leikskólum Reykjavíkur verið kynnt fyrir þér?

	Fjöldi	Já	Nei
Ráðgjafapjónusta leikskóladeildar	1296	18%	82%
Ráðgjafar- og sálfræðideild	1302	21%	79%




Nýtur barnið þitt þjónustu vegna sérstaka þarfa í leikskóla?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Já	94	7.15%	+/-1.39%
Nei	1221	92.85%	+/-1.39%
Alls	1315	100%	




Hversu vel/illa telur þú að staðið hafi verið að greiningu á þroskastöðu barns þíns af sérfræðingum Ráðgjafar- og sálfræðideild Leikskóla Reykjavíkur?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög vel	31	37.80%	+/-10.50%
Frekar vel	30	36.59%	+/-10.43%
Frekar illa	4	4.88%	+/-4.66%
Mjög illa	1	1.22%	+/-2.38%
Greining framkvæmd annarsstaðar	16	19.51%	+/-8.58%
Alls	82	100%	




Hversu vel/illa telur þú að staðið sé að sérkennsluráðgjöf frá Ráðgjafar- og sálfræðideild?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög vel	28	35.44%	+/-10.55%
Frekar vel	42	53.16%	+/-11.00%
Frekar illa	8	10.13%	+/-6.65%
Mjög illa	1	1.27%	+/-2.47%
Alls	79	100%	




Hversu vel/illa er staðið að miðlun upplýsinga sem tengjast greiningu, einstaklingsnámskrá og sérkenndu í leikskóla frá Ráðgjafar- og sálfræðideild og leikskólanum til þín sem foreldri barns með sérstakar þarfir?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög vel	28	35.90%	+/-10.65%
Frekar vel	39	50.00%	+/-11.10%
Frekar illa	7	8.97%	+/-6.34%
Mjög illa	4	5.13%	+/-4.90%
Alls	78	100%	



Hversu vel/illa telur þú að sérstökum þörfum barns þíns sé mætt í leikskólanum ?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög vel	49	56.98%	+/-10.46%
Frekar vel	35	40.70%	+/-10.38%
Frekar illa	2	2.33%	+/-3.19%
Mjög illa	0	0%	+/-0.00%
Alls	86	100%	




Ef merkt er við frekar illa eða mjög illa, hvað telur þú að gera megi betur:

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
	2	100.00%	+/-0.00%
Alls	2	100%	

- Fá þá talþjálfun sem hann á rétt á, einstaklingstíma


Hefur leikskólinn gefið út námskrá?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Já	684	52.49%	+/-2.71%
Nei	148	11.36%	+/-1.72%
Veit ekki	471	36.15%	+/-2.61%
Alls	1303	100%	




Ertu ánægð/(ur)/óánægð/(ur) með uppeldis- og menntstefnu leikskólans eins og hún kemur fram í námsskrá?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög ánægð(ur)	337	56.26%	+/-3.97%
Frekar ánægð(ur)	252	42.07%	+/-3.95%
Frekar óánægð(ur)	10	1.67%	+/-1.03%
Mjög óánægð(ur)	0	0%	+/-0.00%
Alls	599	100%	




Telur þú að markvisst sé unnið eftir uppeldi- og menntastefnu leikskólans?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Já	988	76.71%	+/-2.31%
Nei	41	3.18%	+/-0.96%
Veit ekki	259	20.11%	+/-2.19%
Alls	1288	100%	




Þekkir þú ársáætlun leikskólans?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Já	742	56.64%	+/-2.68%
Nei	568	43.36%	+/-2.68%
Alls	1310	100%	




Telur þú að ársáætlun leikskólans gefi góðar upplýsingar um starfsemi leikskólans?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög góðar	301	43.81%	+/-3.71%
Frekar góðar	356	51.82%	+/-3.74%
Ekki mjög góðar	27	3.93%	+/-1.45%
Alls ekki góðar	3	0.44%	+/-0.49%
Alls	687	100%	




Hversu ánægð(ur) / óánægð(ur) ertu með foreldraviðtölin sem í boði eru í leikskólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög ánægð(ur)	752	59.17%	+/-2.70%
Frekar ánægð(ur)	432	33.99%	+/-2.60%
Frekar óánægð(ur)	77	6.06%	+/-1.31%
Mjög óánægð(ur)	10	0.79%	+/-0.49%
Alls	1271	100%	




Hversu mörg foreldraviðtöl telur þú æskileg á ári?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Eitt á ári	111	8.45%	+/-1.50%
Tvö á ári	972	74.03%	+/-2.37%
Oftar	230	17.52%	+/-2.06%
Alls	1313	100%	




Hefur þú mætt á foreldrafund í leikskólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Já	1108	84.45%	+/-1.96%
Nei	204	15.55%	+/-1.96%
Alls	1312	100%	




Telur þú foreldrafundi vera gagnlega ?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Mjög gagnlega	549	64.59%	+/-3.22%
Frekar gagnlega	271	31.88%	+/-3.13%
Lítið gagnlega	27	3.18%	+/-1.18%
Ekkert gagnlega	3	0.35%	+/-0.40%
Alls	850	100%	




Hvernig færðu upplýsingar um daglegt starf í leikskólanum? Vinsamlega merkið við öll viðeigandi atriði.

	Fjöldi	Já	Nei
Í daglegum samskiptum	1294	89%	11%
Frá barninu	1285	83%	17%
Af upplýsingatöflu	1291	88%	12%
Af dagbók í fataklefa	1175	37%	63%
Í foreldraviðtölum	1265	89%	11%
Á foreldrafundum	1206	72%	28%
Í fréttabréfi leikskólans	1277	87%	13%
Í námskrá leikskólans	1158	49%	51%
Í ársáætlun leikskólans	1153	52%	48%
Á vefsíðu leikskólans	1134	15%	85%
Í tölvupósti	1170	27%	73%




Hversu ánægð(ur) / óánægð(ur) ertu með upplýsingagjöf leikskólans um atriði sem snerta barnið?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög ánægð(ur)	456	34.81%	+/-2.58%
Frekar ánægð(ur)	696	53.13%	+/-2.70%
Frekar óánægð(ur)	132	10.08%	+/-1.63%
Mjög óánægð(ur)	26	1.98%	+/-0.76%
Alls	1310	100%	




Hversu ánægð(ur) / óánægð(ur) ertu með dagleg samskipti þín við starfsfólk deildarinnar?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög ánægð(ur)	872	66.41%	+/-2.55%
Frekar ánægð(ur)	383	29.17%	+/-2.46%
Frekar óánægð(ur)	50	3.81%	+/-1.04%
Mjög óánægð(ur)	8	0.61%	+/-0.42%
Alls	1313	100%	




Hversu ánægð(ur) / óánægð(ur) ertu með samskipti þín við leikskólastjórnann?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög ánægð(ur)	802	61.60%	+/-2.64%
Frekar ánægð(ur)	414	31.80%	+/-2.53%
Frekar óánægð(ur)	69	5.30%	+/-1.22%
Mjög óánægð(ur)	17	1.31%	+/-0.62%
Alls	1302	100%	




Hversu ánægð(ur) / óánægð(ur) ert þú með kynningu á nýju starfsfólki í leikskólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög ánægð(ur)	221	17.09%	+/-2.05%
Frekar ánægð(ur)	602	46.56%	+/-2.72%
Frekar óánægð(ur)	358	27.69%	+/-2.44%
Mjög óánægð(ur)	112	8.66%	+/-1.53%
Alls	1293	100%	




Hversu ánægð(ur) / óánægð(ur) ertu með samstarf leikskólans við foreldra?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög ánægð(ur)	598	46.00%	+/-2.71%
Frekar ánægð(ur)	594	45.69%	+/-2.71%
Frekar óánægð(ur)	89	6.85%	+/-1.37%
Mjög óánægð(ur)	19	1.46%	+/-0.65%
Alls	1300	100%	




Hefur þú fengið afhenta "Möppuna mína" í leikskólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Já	1065	80.99%	+/-2.12%
Nei	144	10.95%	+/-1.69%
Veit ekki	106	8.06%	+/-1.47%
Alls	1315	100%	




Telur þú að "Mappan mín" sé gagnleg?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Mjög gagnleg	221	22.76%	+/-2.64%
Frekar gagnleg	430	44.28%	+/-3.12%
Lítið gagnleg	281	28.94%	+/-2.85%
Ekkert gagnleg	39	4.02%	+/-1.24%
Alls	971	100%	



Telur þú æskilegt eða óæskilegt að fram fari athuganir/skráning á námi og þroska barnsins í leikskólanum?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Æskilegt	1180	90.28%	+/-1.61%
Óæskilegt	32	2.45%	+/-0.84%
Veit ekki	95	7.27%	+/-1.41%
Alls	1307	100%	



Telur þú æskilegt eða óæskilegt að upplýsingar um nám og þroska barnsins fari frá leikskólanum til grunnskólans?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmork hlutfalla
Æskilegt	1004	76.29%	+/-2.30%
Óæskilegt	137	10.41%	+/-1.65%
Veit ekki	175	13.30%	+/-1.83%
Alls	1316	100%	

